



Kópavogur Reykjanesbær Sveitarfélagið Árborg



Útgefandi:

SPI á Íslandi c/o Cognitio ehf.

Ritstjórn:

Rósbjörg Jónsdóttir, Gunnar Haraldsson
Haraldur J Hannesson

Myndir

Ljósmyndir frá Árborg - Sveitarfélagið Árborg
Ljósmyndir fyrir Kópavog - Sveitarfélagið Kópavogur
Ljósmyndir frá Reykjanesbæ - Sveitarfélagið Reykjanesbær & Ljósm. ÖZZO
Aðrar ljósmyndir: Shutterstock.com

Hönnun

Þorgeir Valur Ellertsson

Prentun

Svansprent hf.

Social Progress á Íslandi

Ráðgjafaryrirtækið Cognitio er fulltrúi Social Progress Imperative á Íslandi. Social Progress Imperative hefur haft veg og vanda að þróun og útgáfu vísitölu félagslegra framfara (e.social progress index). Rósbjörg Jónsdóttir eigandi Cognitio, hefur haft frumkvæði að innleiðingu verkefna sem tengjast vísitölu félagslegra framfara hér á landi. Auk Rósbjargar, eru sérfræðingar Social Progress á Íslandi þeir Gunnar Haraldsson hagfræðingur og Haraldur Jón Hannesson, hagfræðingur.

SPI á Íslandi tekur að sér úttektir samkvæmt verkefnum vísitölunnar og vinnur að slíkum verkefnum á þverfaglegan hátt í samvinnu við hagaðila hverju sinni. Fyrsta úttektin var unnin fyrir Kópavog 2017-2018 og síðan bættust Reykjanesbær og Sveitarfélagið Árborg í samstarfið 2018 og önnur úttekt gefin út haustið 2019. Úttektin í ár er því þriðja sinnar tegundar sem unnin er hér á landi fyrir sveitarstjórnarstigið. Þá hefur Cognitio í samvinnu við alþjóðastofnunina Social Progress Imperative haft frumkvæði að því að byggja upp alþjóðlega leiðtogaíðstefnu á Íslandi, **What Works Summit** þar sem horft er til þeirra þátta sem hafa reynst vel þegar kemur að því að efla félagslegar framfarir. Heimasíða SPI á Íslandi er www.socialprogress.is

©Framfaravogin 2020

SPI á Íslandi c/o Cognitio

FRAMFARAVOGIN 2020

Preface

"Is it over yet?" This is the question most of us are asking about 2020. It really has been a year to forget. Covid has taken the lives of more than a million people around the world already and its wider impacts on our economies and societies have been devastating.

The Covid crisis has also come at a time when the world was already facing huge structural challenges. The effects of climate change are already upon us and the policies needed to avert disaster remain elusive. The world is also lagging on key areas of human development from building toilets to achieving gender equality. And in areas such as rights and inclusiveness we are going in the wrong direction.

Put this all together and the global Social Progress Index shows that, even before Covid, the world was going to miss the 2030 Sustainable Development Goals targets by 52 years. Covid could push that out further to 2092. Something needs to change.

The launch of the new municipal Social Progress Indexes for Iceland comes at a time of crisis. But also one of opportunity. The opportunity to refocus our efforts, not to just build back from the Covid crisis, but to build forward to create a more sustainable and inclusive societies.

Iceland is a world leader in social progress. And it has done so in the face of formidable challenges. The world today, in this time of adversity, needs the indomitable Icelandic spirit. It also needs the inspirational Icelandic example. Iceland has been one of the leaders in coping with the Covid virus and will, I am sure, be one of the leaders in recovering from this crisis in a sustainable and inclusive way.


Our hope is that the Social Progress Index can play a part in that recovery, by providing leaders and citizens with the critical data to manage immediate risks and to plan and invest for a better future.

Michael Green
Founder and CEO of Social Progress Imperative




Framfaravogin 2015 - 2019


Kópavogur



Reykjanesbær



Árborg



Samantekt

Heimsfaraldur Covid-19 hefur valdið gríðarlegri samfélagslegri röskun víða um heim og um leið hafa áskoranirnar margfaldast. Það hefur sjaldan verið mikilvægara að huga að félagslegum framförum í samfélaginu með markvissu eftirliti og áreiðanlegum gögnum.

Hér er að finna þriðju úttekt Framfaravogar sveitarfélaga fyrir sveitarfélögin og er litið til Kópavogs, Reykjanesbæjar og Sveitarfélagsins Árborgar.

Markmið Framfaravogar sveitarfélaga er að draga fram stöðu félagslegra framfara og á sama tíma draga fram hvar hægt sé að gera betur. Til að slíkt sé mögulegt, þurfa viðmiðin að vera skýr, mælikvarðarnir réttmætir og vel skilgreindir, og endurspeglja það sem máli skiptir.

Framfaravogin byggir á aðferðum vísitölu félagslegra framfara (e. SPI) sem reiknuð er út áreiga fyrir þjóðir heims af stofnuninni **Social Progress Imperative**. Gerðar eru strangar kröfur til

þeirra vísa sem valdir eru þar sem áhersla er lögð á samræmi og áreiðanleika.

Framfaravog sveitarfélaganna er stjórntæki sem hjálpar til við að auka velferð og styðja félagslegar framfarir. Framfaravogin snýst um einstaklinginn, þarfir hans, vellíðan og tækifæri.

Framfaravogin hjálpar við að draga fram það sem betur má fara, auðveldar við forgangsröðun verkefna, og nýtist þannig sem verkfæri við stefnumótandi ákvarðanir. Þá nýtist hún vel á tímum líkt og nú þegar fjárhagur sveitarfélaga er þröngur stakkur sniðin vegna áfalla af völdum Covid-19. Framfaravogin eflir samvinnu og samskipti og stuðlar að nýsköpun. Þá nýtist Framfaravogin við að draga fram stöðu nærsamfélagsins þegar horft er til Heimsmarkmiða Sameinuðu þjóðanna. Nú eru verkefnin mörg og mikilvæg á sama tíma og fjármunir eru af skornari skammti en oft áður. Á tímum sem þessum er mikilvægt að byggja forgangsröðunina á skýrum og traustum gögnum og beina áherslum að þeim verkefnum þar sem þörfin er mest.

Niðurstöður Framfaravogar sveitarfélaga 2020 byggja á 55 vísum sem falla undir þrjár viddir. Ein viddin snýst um grunnþarfir, önnur um grunnstöðir velferðar og sú þriðja um tækifæri. Alls eru 17 vísar sem falla undir grunnþarfir, 22 vísar undir grunnstöðir velferðar og 16 vísar sem tilheyra tækifærum. Nú eru 5 nýir vísar frá síðustu úttekt. Þá hefur tveimur vísum frá fyrri úttekt verið breytt, þar sem annars vegar er nú mögulegt að nálgast nýrri og áreiðanlegri gögn en áður, og hins vegar er fyrri gagnagrunnur sem notaður var ekki lengur uppfærður. Allir vísar sem notaðir eru í Framfaravoginni eru upprunnir úr traustum og áreiðanlegum gagnaveitum eða rannsóknaraðilum.

Nýir vísar sem horft er til eru aðgengi að rafrænni heilbrigðisþjónustu, býr þröngt, fyrsta húseign ungmenna, svefngæði og virkur ferðamáti.

Í öllum sveitarfélögum má greina framfarir hvað varðar félagslegar framfarir, frá því í fyrra.

Helstu áskoranir þessarar úttektar voru líkt og fyrr ár, að finna samanburðarhæf gögn sem snúa að **umhverfismálum, vatni og hreinlæti og upplýsingar sem endurspeglar líðan íbúa af erlendu bergi brotnu**. Allt eru þetta mikilvægir málaflokkar sem snerta ábyrgðarsvið sveitarfélaga. Allir þessir þættir tilheyrja áherslum um sjálfbær samfélög, heilsusamleg samfélög og að enginn verði skilinn eftir. Hér er mikilvægt að gera betur.

Samsetning framfaravogarinnar

Grunnþarfir

Heilbrigði

Hefur fólk aðgengi að almenntri heilbrigðisþjónustu og góðri næringu?

Vatn og hreinlæti

Hefur einstaklingurinn aðgengi að hreinu vatni og hreinlætisaðstöðu?

Húsnæði

Búa einstaklingar í ásættanlegu húsnæði?

Öryggi

Upplifa íbúar öryggi?



Með frumkvæði sínu hafa sveitarfélögin þrjú, Kópavogur, Reykjanesbær og Sveitarfélagið Árborg, lagt grunninn að samræmdu stjórnþæki sem nýst getur öllum sveitarfélögum í landinu. Verkefnið er mikilvægur grunnur til að byggja á, ekki síst til að samræma gagnaöflun og gagnaframsætningu, öllum sveitarfélögum landsins til hagsbóta.

Grunnstoðir velferðar

Grunnmenntun

Hafa einstaklingar gott aðgengi að menntastofnunum?

Upplýsingar og samskipti

Hefur einstaklingur greitt aðgengi að hugmyndum og upplýsingum hvaðan að úr heiminum?

Heilsan og líðan

Á einstaklingurinn langa og heilbrigða ævi?

Umhverfisgæði

Er verið að ganga vel um auðlindir og tryggja komandi kynslóðum aðgengi að þeim?



Þannig getur Framfaravogin einnig verið mikilvægt stuðningsverkfæri við sameiningu sveitarfélaga sem stefnt er að fyrir árið 2026.

Það er von þeirra sem að þessu verkefni standa að Framfaravogin gæti nýst til að gera góð samfélög enn betri.

Framfaravogin 2020 byggir á gögnum sem ná yfir tímabilið **2015-2019**.

Tækifæri

Borgaraleg réttindi

Eru réttindi einstaklinga í samfélaginu virt?

Persónulegt frelsi

Er einstaklingnum frjálst að taka ákvarðanir og lífa því lífi sem hann kysir að lífa?


Þátttaka

Er einhver útilokaður sem virkur þátttakandi í samfélaginu með einum eða öðrum hætti?

Framhaldsmenntun

Er fólki boðið tækifæri á framhaldsmenntun eins og hún gerist best?





Efnisyfirlit

Formáli - Preface	3
Samantekt	4
Félagslegar framfarir á óvissutímum	7
Framfaravogin 2020	7
Kópavogur	12
Reykjanesbær	18
Sveitarfélagið Árborg	24
Aðferðafræði	30
Víðaukar I-III	32

Félagslegar framfarir á óvissutímum

Þjóðir heimsins hafa verið óþrymlega minntar á hverfuleika aðstæðna í kjölfar Covid-19 heimsfaraldursins. Einnig hefur okkur lært hve miklu skiptir að byggja aðgerðir okkar á staðreyndum og áreiðanlegum upplýsingum. Á sama tíma verður okkur ljóst mikilvægi þess að standa vörð um grunnþarfir samfélaganna, ekki síst þegar ytri áföll ríða yfir.

Hér getur Framfaravogin komið að góðu gagni. Framfaravogin hjálpar til við að bregða ljósi á hvar skóinn kreppir. Framfaravogin



líður ekki til peningalegra mælikvarða og er það að yfirlögðu ráði. Hún nýtist þannig vel við forgangsroðun verkefna. Slíkt er ekki síst mikilvægt nú á tímum þegar fjárhag sveitarfélaga er þröngur stakkur sniðin vegna neikvæðra áhrifa Covid-19 faraldursins og afleiðinga hans á tekjur þeirra. Á sama tíma hafa útgjöld sveitarfélaganna aukist þar sem eftirspurn eftir lögbundinni þjónustu þeirra eykst á sama tíma. Nú, þegar fjármunir eru af skornum skammti en verkefniin næg eru nauðsynlegt að forgangsraða verkefnum með sem bestum hætti.

Framfaravogin 2020

Í þessari skýrslu eru dregnar fram niðurstöður úttektar á Framfaravoginni 2020 fyrir þrjú sveitarfélög, þ.e. **Kópavog, Reykjanesbær og Sveitarfélagið Árborg**.

Niðurstöður Framfaravogainnar 2020 endurspeglar framfarir sveitarfélaganna þriggja sem hafa haft veg og vanda að þróun hennar, Kópavogs, Reykjanesbæjar og Sveitarfélagsins Árborgar. Hér hafa verið valdir 55 vísar sem sýna með einum eða öðrum hætti framfarir sveitarfélaganna. Líkt og í fyrri úttektum eru þau gögn sem byggja á **öll úr miðlægum gagnagrunnum, tekin út með reglubundnum hætti aldrei eldri en 5 ára og endurspeglar öll útkomu**.

Einkenni Framfaravogar sveitarfélaga



Social Progress Portrait

Til að tryggja notagildi, gagnsæi og gæði eru allir vísar ígrundaðir með tilliti til gæða þeirra gagna sem undir liggja og uppruna þeirra. Þá þarf að tryggja að þeir mælikvarðar sem notaðir eru í voginni mæli það sem raunverulega skiptir máli og hjálpi sveitarfélögum við stefnumótun og ákvarðanatöku.

Framfaravogin er stöðugt í þróun og nokkrar úrbætur hafa verið gerðar frá því í fyrra. Úrbæturnar snúa allar að því að bæta verkfærið og tryggja eftir föngum að verið sé að mæla það sem mestu máli skiptir. Verður hér gerð grein fyrir því í hverju þessar úrbætur felast. Í meðfylgjandi töflu má sjá breytingar þær sem gerðar hafa verið frá síðustu úttekt. Sumir vísanna eru nýir og eða hafa tekið breytingum vegna þess að fengist hafa betri gögn en áður.

Breytingar á vísum

Rétt er að taka fram að úrbæturar virka aftur í tímann og þannig er tryggt að hægt sé að bera saman stöðuna núna við stöðu fyrir ára.

Húsnæði

Mælikvörðum sem endurspegla stöðu húsnæðis á Íslandi hefur verið ábótavant, sérstaklega þegar verið er að horfa á stöðuna í einstökum sveitarfélögum. Það að hafa þak yfir höfuðið telst til grunnþarfa einstaklinga og tryggir öryggi, heilsu og mannlega reisn. Hér eru lagðir fram tveir nýir vísar sem ætlað er að mæla þennan mikilvæga þátt.

- Býr þröngt** er nýr vísir sem endurspeglar það hlutfall íbúa sveitarfélaganna þar sem fermetrafjöldi á mann er undir 60% af miðgildi landsins. Hér er horft til þess rými sem einstaklingar búa í og er mælt af Hagstofu Íslands. Fermetrafjöldinn sem notaður er sem viðmið eru 26m².
- Fyrsta eign 18-34 ára.** Þessi vísir endurspeglar hlutfall þeirra einstaklinga yngri en 35 ára sem hafa komið sér upp fyrstu húsnæðiseign.

Upplýsingar og samskipti

Fjárlást aðgengi að upplýsingum og möguleikinn á skoðanaskiptum er einn þeirra mikilvægu þátta sem eru nauðsynlegir til að hægt sé að byggja skilvirkt og ábyrgt samfélag. Á tímum örvar þróunar í samspiili tækni og miðlunar upplýsinga hefur þessi þáttur hlotið sífellt meira vægi.

- Aðgengi að rafrænni heilbrigðisþjónustu** er nýr vísir sem endurspeglar hlutfall íbúa sem nýta sér rafræna heilbrigðisþjónustu með því að nota þjónustu vefsvæðisins heilsuvera.is. Skortur hefur

verið á upplýsingum sem endurspegla aðgengi að heilbrigðisþjónustu, sérstaklega þegar lítið er til einstakra sveitarfélaga. Hér hefur verið farið sý leið að líta til aðgengis að rafrænni heilbrigðisþjónustu og nota upplýsingar sem eru ínánlegar gegnum rafrænu gáttina: [www.heilsuvera.is](#). Mikil þróun og aukin notkun hefur átt sér stað á þessari þjónustu og mun hún hafa mikil áþreifanleg áhrif þegar horft er til framtíðar.

Heilsa og líðan

Heilsa og vellíðan mælir hversu heilbrigðu lífi fólk hefur tök á að lifa. Hér er horft til þátta sem draga úr ótímabærum dauðsföllum af ýmsum fyrirbyggjanlegum sjúkdómum. Sérstaklega er horft til ástands geðheilbrigðismála í þessu samhengi.

- Kvðið unglinga** – Hér hefur orðið breyting á þar sem Rannsóknir og Greining er hætt að safna þeim gögnum sem notuð voru áður. Í staðin er nú notast við gögn úr Skólavoginni sem eru mæld árlega fyrir öll sveitarfélög í landinu.
- Andleg heilsa** – Hér hefur orðið breyting á gögnum þar sem hætt hefur verið við söfnun þeirra gagna sem notuð hafa verið í fyrri úttektum. Í staðinn er nú notast við gögn frá Landlæknisembættinu um notkun þunglyndislyfja. Þessi mæling endurspeglar mikilvægi þess að þeir sem eigi við andleg vandamál hafi greitt aðgengi að aðstoð til að ná bata. Horft er til skilgreindra dagskammta fyrir hverja 1000 íbúa á dag sem viðmið.
- Vísirinn endurspeglar fjölda þeirra sem þurfa á þunglyndislyfjum að halda, og líta má á hann sem mælikvarða á fjölda þeirra sem fá aðstoð.

- **Svefngeði** – Hér er um nýjan mælikvarða að ræða sem sem ætlað er að endurspegla gæði svefns. Svefn er ein af þremur grunnstöðum heilsu og fjöldi rannsóknna staðfestir að ef sofið er of lítið, eða of mikið, þá geti það leitt til alvarlegra sjúkdóma. Landlæknisembættið rannsakar svefnvenjur og eru niðurstöður þeirra notaðar hér. Viðmiðið er að einstaklingur ætti að sofa allt að 7-8 klukkustundir á sólarhring. Hér er viðmiðið 6 tíma svefn en allt undir því er álitið slæmt fyrir heilsuna.

Persónufrelsi:

Persónufrelsi endurspeglar val og áherslur einstaklingsins á að taka ákvarðanir eins og hann kys og hvernig hann hagar lífi sínu.

- **Virkur ferðamáti** – Um er að ræða nýjan mælikvarða sem endurspeglar frelsi einstaklingsins varðandi val á því hvernig hann ferðast til og frá vinnu og/eða skóla. Hér er horft til þess að einstaklingurinn hafi tækifæri á að hjóla eða ganga til vinnu.

Áreiðanleiki gagna

Við útreikninga sem þessa er grundvallaratriði að hafa aðgengi að áreiðanlegum gögnum. Líkt og fyrri ár koma öll gögn úr gagnasöfnum áreiðanlegra og traustra aðila og gagnabanka. Gögnin eru ýmist fengin úr reglubundnum rannsóknum, mælingum, líkönum eða skráningum. Aldur gagna er mikilvægur en ekki er notast við eldri gögn en fimm ára. Niðurstöður Framfaravogunnar 2020 byggja á tölum fyrir árin 2015-2019.

Heildarskor hvers vísis birtist á skalanum 1-100, en skólinn fer fram með þeim hætti að besta mögulega gildi er ákvarðað (besta niðurstaða) og sem 100 ásamt versta mögulega gildi (versta niðurstaða) og látið hafa gildið núll. Önnur gildi eru sköluðu til í hlutfalli.


Besta og versta niðurstaða miðast oftast út frá hæstu og lægstu gildum sem finnast í sveitarfélögum landsins.

Mikilvægt er að viðmiðin séu alls staðar þau sömu þótt aðstæður til úrbóta séu mismunandi. Eftir þriggja ára þróunarvinnu eru aðstandendur Framfaravogunnar enn að horfast í augu við vandamál sem snúa að því að skortur er á gögnum varðandi ákveðna málaflokka.

Mikilvægustu gloppurnar í upplýsingagjöf er að finna varðandi þá þætti er snúa að umhverfismálum, s.s. hvað varðar vatn og hreinlæti, en einnig atriði er snúast um líðan þeirra íbúa landsins sem eru af erlendu bergi brotin. Til að mynda er ekki framkvæmd markviss rannsókn á gæðum neysluvatns á Íslandi. Það er óvarlegt að ganga út frá því sem vísu að vatnið sem við höfum aðgang að sé alltaf ferskt og hreint.

Miklar væntingar voru gerðar til gagna sem væntanleg voru frá Umhverfisstofnun og sneru um endurvinnslu, endurnýtingu og magn þess úrgangs sem fer í urðun. Því miður var innköllun og skráning gagna ekki samræmanleg og því eru gögnin ekki nothæf í Framfaravogina á þessu stigi. Það er hins vegar verið að reyna að lagfæra ferla og aðferðir og því má ætla að þessi gögn nýtist í úttektir framtíðarinnar.

Að auki virðist ekki vera haldið saman upplýsingum um líðan einstaklinga af erlendum uppruna með markvissum hætti. Samfélagið hefur tekið örur breytingum á síðustu áratugum og fjöldi fólks sem hér býr er af erlendum uppruna. Mikilvægt er að upplýsingar um líðan þessa fólks og tækifæri þeirra séu til staðar svo hægt sé að bregðast við og móta stefna teljist þess þörf.



Framfaravogin 2020 – 55 vísar

Grunnþarfir	Grunnstöðir velferðar	Tækifæri
Heilbrigði Glötuð ár (<65) Grænmetis- og ávaxtaneysla barna Gosdrykkja => Þarf að finna fleiri sterka vísa til að endurspegla þennan þátt	Grunnmenntun Leikskólar - ánægja foreldra Grunnskólar - ánægja foreldra Lestraröðugleikar Samræmd próf - Stærðfræði Samræmd próf - Íslenska Skólasókn á framhaldsskólastigi - erl bakgrunnur Skólasókn á framhaldsskólastigi - aðrir	Borgaraleg réttindi Kjörsókn Kjörnir fulltrúar - Kynjahlutfall Traust til lögreglu
Vatn og hreinlæti Gæði frárenslis Ánægja með sorphirðu => Erfiðleikar við að finna samanburðarhæfa mælikvarða	Samskipti og upplýsingar Aðgengi að rafrænni heilbrigðisþjónustu Traust til fjölmiðla Notkun bókasafna Aðgengi að ljósléðara	Persónufrelsi Ótímabærar þunganir Mér finnst eftirsóknarvert að búa þar sem ég bý NEET (Eki í vinnu, skóla eða starfsþjálfun) Launamunur kynjanna Virkur ferðamáti
Húsnæði Ánægja með aðstöðu á heimili Félagslegt húsnæði Hjúkrunarrými eldri borgara Býr þröngt Fyrsta húseign ungs fólks 18-34 ára	Heilsa og líðan Kvíði unglinga Líkamleg heilsa Andleg heilsa Tíðni hreyfingar Dánartíðni 65 - 75 ára Hár blóðþrýstingur Gæði svefns	Þátttaka Þátttaka í skipulögðu íþróttastarfi Umburðarlyndi barna Fjölskyldutími unglinga Einelti í grunnskólum Skjáttímanotkun
Öryggi Orfældisbrot Þjófnaður (og innbrot) Öryggistilfinning Kynferðisafbrot Heimilisofbeldi Umferðaslys - vélknúin ökutæki Umferðaslys - gangandi og hjólandi vegfarendur	Umhverfisgæði Loftgæði - Svifryk Loftgæði - Brennisteinn Gæði umhverfis Hávaðamengun	Framhaldsmenntun Háskólamenntun karla Háskólamenntun kvenna Starf við hæfi - háskólamenntaðir

- Vísir merktur með grænu = nýr vísir 2020

- Vísir merktur með gulu = sama heiti og árin áður en ný og betri gögn á bak við niðurstöður úttektar

Framfaravogin og Heimsmarkmið Sameinuðu þjóðanna

Heimsmarkmið Sameinuðu þjóðanna miða að því að efla sjálfbæra þróun í heiminum til ársins 2030. Þar er áherslan iöggð á að útrýma fátækt og mismunun, auka velmegun allra og gera heiminn að betri stað. Til að ná þessum markmiðum verða allir að leggja sitt af mörkum og taka höndum saman.

Ef horft er til niðurstöðu SPI 2020 sem tekin er út fyrir 160 þjóðir heims sýnir að af öllu óbreyttu muni heimsmarkmiðunum

ekki verða náð fyrr en árið 2082. Eftir að Covid-19 faraldurinn reið yfir má ætla að enn lengri tíma muni taka að ná markmiðunum en áður, eða ekki fyrr en 2092.

Samspil er á milli Heimsmarkmiðanna og Vísitölu félagslegra framfara sem Framfaravogin byggir á. Heimsmarkmiðin byggja á 17 markmiðum, 169 undir markmiðum og 246 mælikvörðum sem margir hverjir eru ekki til né fánlegir víða um heim.


Allir þættir Framfaravogarinnar snerta inntak markmiðanna 17. Þættirnir endurspeglja stöðuna í því nærsamfélagi sem skoðað er og með markvissri mælingu og frammistöðumatí Framfaravogarinnar má fá skýra mynd af því hvernig staðan er hjá sveitarfélögum varðandi einstaka heimsmarkmið.

Grunnþarfir

Heilbrigði




Vatn og hreinlæti



Húsnæði



Öryggi



Grunnstoðir velferðar

Grunnmenntun



Samskipti og upplýsingar



Heilsa og líðan



Umhverfisgæði



Tækifæri

Borgaraleg réttindi




Persónufrelsi



Pátttaka



Framhaldsmentun





Kópavogsbær

Fjöldi íbúa 31. des. 2018: 37.959

Fulltrúar í verkefnastjórn:

Jakob Sindri Þórisson

Pétur Illugi Einarsson,

Pálmi Þór Másson

Ármann Kr. Ólafsson, bæjarstjóri



Niðurstöður fyrir Kópavog

Kópavogur er annað stærsta sveitarfélag á Íslandi með tæplega 38 þúsund íbúa. Kópavogur er frumkvöðull sveitarfélaga á Íslandi hvað varðar nýtingu og þróun Framfaravogarinna og hefur nýstst bæjarfélaginu við innleiðingu Heimsmarkmiða Sameinuðu þjóðanna. Hvað þetta varðar er Kópavogur í hópi framsæknustu sveitarfélaga í heimi.

Niðurstöður Framfaravogarinna 2020 endurspeglar stöðugleika hvað varðar heildarskor síðustu ára. Heildarskor SPP fyrir Kópavog 2020 er 68,8 og endurspeglar það meðal góða frammistöðu meðal sveitarfélaga landsins, sé miðað við þau viðmið sem hér eru höfð að leiðarljósi.

Meðfylgjandi mynd sýnir helstu breytingar á þáttum Framfaravogarinna á milli ára 2018 og 2019.


Styrkleikar Kópavogs liggja í þáttum er snerta **samskipti og upplýsingar, öryggi íbúanna, vatn og hreinlæti, auk umhverfisgæða**.

Stærstu áskoranir í samfélagi Kópavogs eru á sviði grunnenntunar sem endurspeglar annars vegar í lakari útkomu úr samræmdum prófum á grunnskólastigi en verið hefur og hins vegar skólasókn á framhaldsskólastigi hefur farið versnandi. Einkum virðist það vera einstaklingar með erlendan bakgrunn sem eiga erfitt uppdráttar á framhaldsskólastiginu.


Til að mæta þeim áskorunum sem sveitarfélagið stendur frammi fyrir væri t.d. vert að skoða hvað hægt sé að gera til að stuðla að því að auka áhuga og færni nemenda í stærðfræði og íslensku.

Þá væri áhugavert að horfa til þess hvað hægt er að gera til að auka virkni fólks af erlendum uppruna í framhaldsskóla.


Breytingar þátta á milli ára 2018 og 2019




Grunnþarfir



Grunnstöðir velferðar



Tækifæri



Niðurstöður vísa 2020

Til hægri er skortort Kópavogsbæjar fyrir 2020 byggt á þeim gögnum sem hér eru höfð til grundvallar. Styrkleikar og veikleikar eru reiknaðir út frá hlutfallslegri stöðu vísa, þátta, vídda á hverju stigi fyrir sig.

Súluirín hér á síðunni endurspeglar niðurstöður hvers vísar fyrir sig, ynd sýnir helstu breytingar á þáttum Framfaravogunnar á milli ára 2018 og 2019.



Social Progress Portrait 68.80

		Styrkleiki/ Veikleiki		Skor		Styrkleiki/ Veikleiki		Skor		Styrkleiki/ Veikleiki		Skor	
		Skor	Röð			Skor	Röð			Skor	Röð		
Grunnþarfir		72.40	2	Grunnstoðir velferðar		63.01	3	Tækifæri		72.99	1		
	Heilbrigði	75.91	4	Grunnmenntun		57.73	11	Borgaraleg réttindi		89.86	1		
	Glötuð ár (<65)	94.93	6	Grunnskólar - ánægja foreldra		86.80	14	Kjörnir fulltrúar - Kynjahlutfall		100...	1		
	Gosdrykkja barna	74.00	27	Leikskólar - ánægja foreldra		65.60	33	Kjörsókn		80.49	19		
	Grænmetisneysla og ávaxtaneysla barna	58.80	40	Lestrarórðugleikar		59.09	39	Traust til lögreglu		89.10	11		
Vatn og hreinlæti				Samræmd próf - Íslenska		45.22	46						
		89.50	2	Samræmd próf - Stærðfræði		47.34	45	Persónufrelsi		70.83	6		
	Ánægja með sorphirðu	79.0	20	Skólasókn á framhaldsskólastigi - aðrir		75.87	24			97.47	5		
	Gæði frárennslis	100.0	1	Skólasókn á framhaldsskólastigi - erl. bakgrunn..		24.16	53	Launamunur kynjanna		68.13	32		
Húsnæði		49.32	12	Samskipti og upplýsingar		59.58	10	NEET (Ekki í vinnu, skóla eða starfsþjálfun)		60.46	37		
	Aðgengi að hjúkrunarrýmum eldri borgara	64.57	35	Aðgengi að lóðsleðara		99.50	4	Ótímabærar þunganir		100...	1		
	Ánægja með aðstöðu á heimili	74.72	25	Aðgengi að rafrænni heilbrigðisþjónustu		33.63	51	Virkur ferðamatí		28.09	52		
	Byr þröngt	40.89	49	Notkun bókasafna		39.59	50	Þátttaka		63.98	9		
	Félagslegt húsnæði	43.18	47	Traust til fjölmöla		65.59	34	Eigneti í grunnskólum		52.80	43		
	Fyrsta húseign	23.24	54	Heilsa og líðan		68.67	7	Fjölskyldutími unglinga		68.51	31		
				Andleg heilsa		68.90	30	Skjálmanotkun		42.80	48		
Öryggi	Heimilisofbeldi	82.50	3	Dánartíðni 65-75 ára		76.50	22	Umboðarímyndi barna		83.70	16		
	Kynferðisafbrot	77.28	21	Gæði svefnis		76.32	23	Þátttaka í skipuðögðu íþróttastarfi		72.10	29		
	Ofbeldisbrot	92.17	9	Hárblöðþrýstingur		88.01	13	Framhaldsmenntun		74.76	5		
	Öryggistilfinning	59.43	38	Kvði unglinga		58.40	41	Háskólamenntun karla		58.00	42		
	Umferðaslys - gangandi og hjólandi vegfarendur	92.50	8	Líkamleg heilsa		52.00	44	Háskólamenntun kvenna		92.00	10		
	Umferðaslys - vélknúin ökutæki	94.22	7	Tíðni hreyfingar		60.55	36	Starf við hæfi - háskólamenntaðir		74.27	26		
	Umferðaslys - vélknúin ökutæki	88.72	12	Umhverfsgæði		65.81	8						
	Þjófnaður (og innbrot)	73.17	28	Gæði umhverfis		83.00	17						
				Hávaðanengun		12.93	55						
				Loftgæði - Brennisteinn		85.83	15						
				Loftgæði - Svífryk		81.47	18						

Röð fæst með því að raða öllum skorum frá því lægsta og til þess hæsta. Skorkortið samanstendur af skorum fyrir 55 vísa, 12 þætti og 3 víddir og heildarskori fyrir þrjá þáttakendur.

Styrkleikar og veikleikar eru reiknaðir út frá hlutfallslegri stöðu vísa/þátta/vídda á hverju stigi fyrir sig.



Framistöðumat með hjálp SPI - Kópavogsbær

Goal 1  Health and Wellness Personal Rights Personal Safety Shelter	72.59 68.67 89.86 82.50 49.32	Goal 7  Environmental Quality Shelter	57.56 65.81 49.32	Goal 13  Environmental Quality Personal Safety	74.16 65.81 82.50
Goal 2  Environmental Quality Nutrition and Basic Medical Care	70.86 65.81 75.90	Goal 8  Environmental Quality Personal Freedom and Choice	68.32 65.81 70.83	Goal 14  Environmental Quality	65.81 65.81
Goal 3  Health and Wellness Nutrition and Basic Medical Care Personal Freedom and Choice Personal Safety Shelter Water and Sanitation	72.79 68.67 75.90 70.83 82.50 49.32 89.50	Goal 9  Access to Advanced Education Access to Information and Communications Environmental Quality	66.72 74.76 59.58 65.81	Goal 15  Environmental Quality	65.81 65.81
Goal 4  Access to Advanced Education Access to Basic Knowledge	66.25 74.76 57.73	Goal 10  Inclusiveness Personal Freedom and Choice Personal Rights Personal Safety	76.79 63.98 70.83 89.86 82.50	Goal 16  Access to Information and Communications Inclusiveness Personal Freedom and Choice Personal Rights Personal Safety	73.35 59.58 63.98 70.83 89.86 82.50
Goal 5  Access to Information and Communications Inclusiveness Personal Freedom and Choice Personal Rights Personal Safety	73.35 59.58 63.98 70.83 89.86 82.50	Goal 11  Environmental Quality Inclusiveness Personal Safety Shelter	65.40 65.81 63.98 82.50 49.32	Goal 17  Access to Information and Communications	59.58 59.58
Goal 6  Environmental Quality Water and Sanitation	77.66 65.81 89.50	Goal 12  Access to Basic Knowledge Environmental Quality	61.77 57.73 65.81	Goal scores are calculated as the average of the Social Progress Index components that relate to each goal. Rank First Second Third	



REYKJANESBÆR

Fjöldi íbúa 31. des. 2019: 19.421

Fulltrúar í verkefnastjórn:

Guðrún Magnúsdóttir

Kjartan Már Kjartansson, bæjarstjóri



Niðurstöður fyrir Reykjanesbæ

Reykjanesbær er stærsta sveitarfélag á Suðurnesjum og þar búa um 70% íbúa svæðisins.

Reykjanesbær er einn af þróunaraðilum Framfaravogarinnar og eru hér birtar niðurstöður fyrir samfélagið í annað sinn. Bæjarfélagið hefur nýtt fyrri niðurstöður í stefnumótun bæjarins og við innleiðingu Heimsmarkmiðanna. Heildarskor Reykjanesbæjar fyrir 2020 er 60,20 sem er nokkur hækkun frá mælingunni í fyrra.


Meðfylgjandi mynd sýnir markverðustu breytingar á þáttum Framfaravogarinnar frá því í fyrra. Glögglega má sjá að umtalsverðar framfarir hafa átt sér stað varðandi mikilvæga þætti eins og **grunnenntun, samskipti og upplýsingar og persónufrelsi**. Þá hefur **öryggi** fólks aukist verulega. Miklar framfarir á sviði grunnenntunar birtast í bættum árangri á samræmdum prófum sem og aukinni skólasókn á framhaldsskólastigi. Á það ekki síst við um ungmenni af erlendum uppruna.

Hvað varðar helstu áskoranir Reykjanesbæjar vega hæst þættir eins og **heilbrigði og heilsu og liðan**.


Hér þarf að skoða ítarlega hvernig hægt er að bregðast við og bæta um betur.

Niðursveifla í ferðabjónustu hefur komið illa niður á mörgum í Reykjanesbæ. Því er mikilvægt að vinna með markvissum hætti að mögulegum leiðum til úrbóta, til að hægt sé að sporna við þeim áskorunum sem kunna að eiga sér stað í kjölfarið.


Breytingar þátta á milli árunna 2018 og 2019




Grunnþarfir



Grunnstoðir velferðar



Tækifæri



Niðurstöður vísa 2020

Til hægri er skortort Reykjanæsbæjar fyrir 2020 byggt á þeim gögnum sem hér eru höfð til grundvallar. Styrkleikar og veikleikar eru reiknaðir út frá hlutfallslegri stöðu vísa, þátta, vídda á hverju stigi fyrir sig.

Súluiritin hér á síðunni endurspeglar niðurstöður hvers vísis fyrir sig.



REYKJANESBÆR

Social Progress Portrait 60.20

Social Progress Portrait

	Skor	Styrkleiki/ Veikleiki	Röð		Skor	Styrkleiki/ Veikleiki	Röð		Skor	Styrkleiki/ Veikleiki	Röð
Grunnþarfir	63.37	●	1	Grunnstoðir velferðar	55.82	●	3	Tækifæri	62.89	●	2
Heilbrigði	65.47	●	5	Grunnmenntun	59.54	●	6	Borgaraleg réttindi	77.45	●	1
Glötuð ár (<65)	91.31	●	4	Grunnskólar - ánægja foreldra	83.40	●	8	Kjörnir fulltrúar - kynjahlutfall	50.00	●	36
Gosdrykkja barna	52.00	●	33	Leikskólar - ánægja foreldra	82.40	●	10	Kjörsókn	100...	●	1
Grænmetisneysla og ávaxtaneysla barna	53.10	●	32	Lestrarórðugleikar	31.82	●	49	Traust til lögreglu	82.36	●	11
				Samræmd próf - íslenska	41.71	●	42				
				Samræmd próf - Stærðfræði	36.83	●	45				
Vatn og hreinlæti	53.00	●	8	Skólasókn á framhaldsskólastigi - aðrir	76.19	●	18	Persónufrelsi	70.32	●	4
Ánægja með sorphirðu	66.0	●	24	Skólasókn á framhaldsskólastigi - erl. bakgrunn..	64.44	●	25	Eftirsótt búseta	89.20	●	5
Gæði frárennslis	40.0	●	44					Launamunur kynjanna	59.81	●	27
Húsnæði	49.64	●	10	Samskipti og upplýsingar	35.28	●	12	NEET (Ekki í vinnu, skóla eða starfsþjálfun)	77.78	●	17
Aðgengi að hjúkrunarrýmum eldri borgara	73.62	●	20	Aðgengi að ljósléðara	32.60	●	48	Ótímabærar þunganir	83.45	●	7
Ánægja með aðstöðu á heimili	82.65	●	9	Aðgengi að rafrænni heilbrigðisþjónustu	21.81	●	55	Virkur ferðamáti	41.36	●	43
Byr þröngt	34.64	●	46	Notkun bókasafna	30.03	●	50	Þátttaka	58.55	●	7
Félaglegt húsnæði	27.27	●	54	Traust til fjölmöla	56.68	●	31	Eineiði í grunnskólum	44.80	●	40
Fyrsta húseign	30.01	●	51	Heilsa og líðan	52.19	●	9	Fjölskyldutími unglinga	59.48	●	28
Öryggi	75.24	●	3	Andleg heilsa	78.20	●	14	Skjálmanotkun	44.07	●	41
Heimilisofbeldi	80.44	●	12	Dánartíðni 65 - 75 ára	44.93	●	39	Umburðarlýndi barna	77.90	●	16
Kynferðisafbrot	58.58	●	29	Gæði svefnis	30.00	●	52	Þátttaka í skipulögðu íþróttastarfi	66.50	●	22
Ofbeldisbrot	56.76	●	30	Hárblöðþrýstingur	78.13	●	15	Framhaldsmenntun	43.16	●	11
Öryggistilfinning	72.66	●	21	Kvæði unglinga	50.00	●	36	Háskólamenntun karla	28.00	●	53
Umferðaslys - gangandi og hjólandi vegfarendur	100...	●	1	Líkamleg heilsa	32.80	●	47	Háskólamenntun kvenna	50.00	●	36
Umferðaslys - vélknúin ökutæki	74.28	●	19	Tíðni hryfingar	51.23	●	35	Starf við hæfi - háskólamenntaðir	51.47	●	34
Þjófnaður (og innbrot)	83.96	●	6	Umhverfsgæði	76.21	●	2				
				Gæði umhverfis	62.00	●	26				
				Hávaðamenngun	66.26	●	23				
				Löftgæði - Brennisteinn	97.06	●	3				
				Löftgæði - Svífryk	79.52	●	13				

Litakóði

Mjög góð
frammiastaða

Góð frammiastaða

Meðal frammiastaða

Veik frammiastaða

Mjög veik
frammiastaða

Röð fæst með því að raða öllum skorum frá því lægsta og til þess hæsta. Skorkortið samanstendur af skorum fyrir 55 vísa, 12 þætti og 3 víddir og heildarskori fyrir þrjá þáttakendur.

Styrkleikar og veikleikar eru reiknaðir út frá hlutfallslegri stöðu vísa/þátta/vídda á hverju stigi fyrir sig.



Framistöðumat með hjálp SPI - Reykjanesbær

Goal 1  Health and Wellness Personal Rights Personal Safety Shelter	63.63 52.19 77.45 75.24 49.64	Goal 7  Environmental Quality Shelter	62.92 76.21 49.64	Goal 13  Environmental Quality Personal Safety	75.72 76.21 75.24
Goal 2  Environmental Quality Nutrition and Basic Medical Care	70.84 76.21 65.47	Goal 8  Environmental Quality Personal Freedom and Choice	73.26 76.21 70.32	Goal 14  Environmental Quality	76.21 76.21
Goal 3  Health and Wellness Nutrition and Basic Medical Care Personal Freedom and Choice Personal Safety Shelter Water and Sanitation	60.98 52.19 65.47 70.32 75.24 49.64 53.00	Goal 9  Access to Advanced Education Access to Information and Communications Environmental Quality	51.54 43.13 35.28 76.21	Goal 15  Environmental Quality	76.21 76.21
Goal 4  Access to Advanced Education Access to Basic Knowledge	51.34 43.13 59.54	Goal 10  Inclusiveness Personal Freedom and Choice Personal Rights Personal Safety	70.39 58.55 70.32 77.45 75.24	Goal 16  Access to Information and Communications Inclusiveness Personal Freedom and Choice Personal Rights Personal Safety	63.37 35.28 58.55 70.32 77.45 75.24
Goal 5  Access to Information and Communications Inclusiveness Personal Freedom and Choice Personal Rights Personal Safety	63.37 35.28 58.55 70.32 77.45 75.24	Goal 11  Environmental Quality Inclusiveness Personal Safety Shelter	64.91 76.21 58.55 75.24 49.64	Goal 17  Access to Information and Communications	35.28 35.28
Goal 6  Environmental Quality Water and Sanitation	64.60 76.21 53.00	Goal 12  Access to Basic Knowledge Environmental Quality	67.88 59.54 76.21	Goal scores are calculated as the average of the Social Progress Index components that relate to each goal. Rank First Second Third	




Sveitarfélagið
ÁRBORG

Fjöldi íbúa 31. des. 2018: 10.055

Fulltrúar í verkefnastjórn:

Bragi Bjarnason

Grísi Halldór Halldórsson, bæjarstjóri



Niðurstöður fyrir Árborg

Sveitarfélagið Árborg er fjölmennasti byggðarkjarni Suðurlands með yfir 10 þúsund íbúa. Niðurstöður Framfaravogarinna 2020 sýna að nokkrar framfarir hafa átt sér stað í samfélaginu þegar horft er til síðustu fimm ára. Sé lítið til á heildarskor sveitarfélagsins þá er það 62,7 sem flokkast sem meðal góð frammistaða sé horft til annarra sveitarfélaga á landinu.

Meðfylgjandi mynd sýnir helstu breytingar nokkurra þátta milli ára.


Helstu styrkleikar Árborgar eru á sviði **samskipta og upplýsinga** sem og hvað varðar **framhaldsmenntun**. Þar hefur aðgengi að ljósleiðara haft áhrif og sennilega gert fleirum en aður kleift að fá starf við hæfi í sveitarfélaginu.

Áskoranir Árborgar snúa fyrst og fremst að grunnþörfum og tækifærum. Huga þarf vel að þáttum sem snýr að **vatni og hreinlæti** og **persónufrelsi**.

Vert er að vekja athygli á að þættir er snúa að mælingum á húsnæði og öryggi hafa versnað milli ára.

